

# Fjallabyggð



## Reglur vegna vínveitingasölu í Menningarhúsinu Tjarnarborg

### 1. gr. Lýsing

Menningarhúsið Tjarnarborg hefur útgefið leyfi sem veitingastaður í flokki III samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Hámarks gestafjöldi er 300.

Umsjónarmanni Tjarnarborgar er heimilt að gera skriflegan samning við rekstraraðila um sölu áfengra drykkja í Tjarnarborg á viðburðum sem fram fara í menningarhúsinu. Heimilt er að gera samning við rekstraraðila sem hafa leyfi til sölu áfengis og eru með rekstur veitingastaða. Ef viðburðahaldari fær víkkað veitingaleyfi í formi tækifærisleyfis á Tjarnarborg greiðir hann engu að síður leigu fyrir baraðstöður á sama hátt og rekstraraðili sem Tjarnarborg semur við. Að öðrum kosti sér Menningarhúsið Tjarnarborg sjálft um sölu áfengra drykkja í menningarhúsinu. Tjarnarborg er alltaf með umsjónarmann í húsinu á stórum viðburðum.

Við sölu áfengra drykkja skulu lög og reglur um aldurstakmark og fjölda gesta vera virtar án nokkurra undantekninga. Leyfisveitingar leigutaka skulu vera í lagi.

### 2. gr. Samningur við rekstraraðila um afnot af baraðstöðu

Þegar samningur er gerður við rekstraraðila eða handahafa tækifærisleyfa um sölu áfengra drykkja í húsinu ber viðkomandi aðila að greiða aðstöðugjald vegna afnota af baraðstöðu (pr. sólarhring / skipti) sem hér segir:

- Kr. 25.000 miðað við gestafjölda undir 50 manns.
- Kr. 50.000 miðað við gestafjölda 51-100 manns.
- Kr. 100.000 miðað við gestafjölda 101-300 manns.

### 3. gr. Frágangur í aðstöðu

Ef gerður er samningur um sölu áfengra drykkja í menningarhúsinu skal rekstraraðili / handhafi tækifærisleyfis sem gerður er samningur við ganga frá í samræmi við þrifareglur sem fram koma í samningi. Sé frágangur ekki viðunandi er heimilt að innheimta þrifgjald samkvæmt gjaldskrá.

### 4. gr. Starfsmannahald

Samkvæmt 17.gr reglugerðar 585/2007 um dyravörslu skulu að jafnaði vera að lágmarki tveir dyraverðir á veitingastöðum í flokki III. Fara skal eftir 18. gr. reglugerðar 585/2007 (hæfi dyravarða) þegar ráðnir eru dyraverðir.

Geri umsjónarmaður samning við rekstraraðila eða handhafa tækifærisleyfis um sölu áfengra drykkja í menningarhúsinu skal viðkomandi aðili útvega og greiða laun dyravarða og starfsmanna við

veitingasölu. Sjái menningarhúsið sjálft um veitingasölu er það á hendi hússins að útvega og greiða laun áðurnefndra starfsmanna.

#### **5. gr. Innheimta**

Fjallabyggð sér um að senda út reikning til rekstraraðila eða handhafa tækifærisleyfis vegna aðstöðugjalds.

**Samþykkt í bæjarstjórn 27.11.2023**